

**Til 43. ársþings BLÍ, haldið í Reykjavík þann 16. maí 2015**

**Tillaga að breytingu á 14. grein laga BLÍ**

**Flutningsaðili: Stjórn BLÍ**

14. gr.

Ævifélagar BLÍ geta þeir orðið sem stjórn BLÍ samþykkir. Stjórn BLÍ ákveður réttindi ævifélaga hverju sinni. Heiðursfélaga BLÍ má stjórn BLÍ kjósa ef hún er einhuga um það.

Stjórn BLÍ er heimilt að tilnefna heiðursformenn Blaksambands Íslands.

Heiðursformenn BLÍ hafa rétt til setu ~~á fundum stjórnar sambandsins~~ og á blakþingum og hafa þar málfrelsi en ekki atkvæðisrétt. Heiðursformenn BLÍ koma fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

Árlega skal Blakþingi vera tilkynnt um þá einstaklinga er stjórn BLÍ tilnefnir sem Heiðursformenn.

*Greinargerð:*

Að út falli sú heimild að Heiðursformenn BLÍ hafi rétt til setu á stjórnarfundum, það er of þungt í vöfum og á ekki við um starfsemina.